
Eldisstöðin Íspór ehf. Þorlákshöfn. Framleiðsla á allt að 600 tonnum af lax- og regnbogasilungsseiðum á ári

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að framleiðsluaukning Eldisstöðvarinnar Íspórs ehf. í Þorlákshöfn, úr 200 tonnum af laxa- og regnbogasilungsseiðum í 600 tonn á ári, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð rekstrarleyfi Fiskistofu skv. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. reglugerð nr. 214/2014 og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir þetta svæði. Framkvæmdin þarf að vera í samræmi við samþykktu notkun fasteigna en ef svo er ekki, þarf deiliskipulagsmeðferð áður en ný leyfi til framkvæmda eru gefin út.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Eldisstöðin Íspór og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 15. maí 2014.

Skipulagsstofnun

INNGANGUR

Þann 28. febrúar 2014 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Eldisstöðinni Íspór ehf. um fyrirhugaða aukningu eldis á laxa- og regnbogasilungsseiðum samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Ölfuss, Fiskistofu, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Ölfus með bréfi dags. 31. mars 2014, Fiskistofu með bréfi dags. 13. mars 2014, Matvælastofnun með bréfi dags. 5. mars 2013 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 18. mars 2014.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fram kemur að Eldistöðin Íspór ehf. hyggist auka framleiðslu á laxa- og regnbogasilungsseiðum upp í 600 tonna ársframleiðslu úr 200 tonna ársframleiðslu. Þessi aukning muni fara fram í núverandi mannvirkjum að Nesbraut 25, vestan Þorlákshafnar, í tveimur frumfóðrunarsölum og einum áframeldissal auk um 12.300 m³ eldisrými í 26 körum utan dyra. Fram kemur að vatn til starfseminnar sé tekið úr borholum á svæðinu og að endurnýtingar- og vatnshreinsikerfi sé til staðar í stöðinni, auk sjálfvirs súrefnisstjórnunarkerfis, þannig að stöðin skili alltaf af sér 80% súrefnismettuðu vatni. Um 300 l/sek af affallsvatni sé síað í vatnshreinsikerfinu og renni síðan í skurði fram af klettum og til sjávar.

Fram kemur að eldisferlið taki milli 12 og 16 mánuði eftir því hvort alin séu stór eða smá seiði til útsetningar. Seiðum verði útskipað frá vori og fram á haust þannig að lífmassi í stöðinni muni ekki fara yfir 300 tonn á hverjum tíma. Stöðin hafi verið í rekstri og framleitt fyrir Fjarðalax frá því 2010 og hafi verið notast við sjálfvirkt fóðurkerfi sem hafi reynst vel í strandstöðvum hingað til.

Hámarkslífmassi og eldisstofnar. Fram kemur að framleiðsla á 600 tonnum af seiðum útheimti meðallífmassa sem samsvari 222 tonnum. Eldisstofnarnir séu tveir, annars vegar íslenskur eldislax af Saga stofni sem sé kynbættur fyrir vaxtarhraða og sein kynþroska, eins og flest allir eldisstofnar heimsins. Hins vegar sé um að ræða regnbogasilung úr hrognum frá Aquasearch in Danmörku sem hafi verið kynbættur m.t.t. sjúkdómaþols, kynþroskaseinkun? og vaxtarhraða, auk seltuþols.

Fóður. Fram kemur að uppistaða alls hráefnis, sé fiskifóður frá innlendri fóðurverksmiðju. Gert sé ráð fyrir fóðurfaktor (ffaktor) 1,15 og að einungis um 2% af fóðrinu fari til spillis. Heildarmagn keypts fóðurs sé áætlað um 690 tonn á ári.

Viðkvæmni viðtaka. Fram kemur að viðkvæmni viðtaka sé ekki mikil, þ.e. um sé að ræða opið haf og stórbrimasamt strandsvæði og ættu mengandi áhrif á sjó og strandsvæðið vegna rekstrarins að vera í algeru lágmarki.

Förgun úrgangs og lyfjanotkun. Fram kemur að eldisstöðin fargi lífrænum úrgangi hjá Fóðurstöð Suðurlands, Selfossi en annar úrgangur fari til Gámaþjónustunnar. Engin lyfjanotkun hafi verið eða verði í eldisstöðinni. Laxinn sé bólusettur en regnbogasilungur smitist ekki úr þessu umhverfi og þarfnist því ekki bólusetningar.

Aðrir laxfiskar. Fram kemur að hér sé um landeldi að ræða og þar með sé nánast óhugsandi að seiði sleppi. Afrennsli frá sérhverju kari fari í gegnum stálríst og grófleiki stálrístanna sé hugsaður út frá stærð seiða í hverju kari þannig að þau sleppi ekki í gegn. Hvorki sé talið að laxalús komi upp í stöðinni né aðrir laxasjúkdómar þar sem um lokað kerfi sé að ræða og öll lifandi hrogn skimuð við innkomu fyrir veiru og bakteríusjúkdómum. Enn fremur sé allt vatn tekið úr lokuðum brunnum eða borholum og þar með um gerilsneyddar vatnssuppsprettur að ræða.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Sveitarfélagsins Ölfus, Fiskistofu, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn **Fiskistofu** kemur fram að sú tilhögun sem lýst sé við flutning seiða frá stöðinni sé til þess fallin að lágmarka líkur á slysasleppingum. Einnig komi fram að viðtakinn sé talinn síður viðkvæmur þar sem fráveitan renni til sjávar og hafstraumar séu sterkir. Að mati Fiskistofu sé áhætta á að sjúkdómar geti borist í villta stofna frá stöðinni hverfandi.

Í umsögn **Matvælastofnunar** kemur fram það mat að eldið muni ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði eða viðganga villtra fiskistofna sem fyrir eru í nálægu vistkerfi.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða framleiðsluaukningu Eldisstövarinnar Íspórs ehf. í Þorlákshöfn á laxa- og regnbogasilungsseiðum úr 200 tonnum á ári í 600 tonn. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar felist í því að meiri mengun mun berast til sjávar miðað við núverandi starfsemi þar sem um er að ræða þreföldun á framleiðslumagni. Stofnunin tekur hins vegar undir það mat Fiskistofu að þar sem viðtakinn sé síður viðkvæmur þar sem fráveita rennur í opið Atlantshafið sé líklegt að styrkur næringarefna muni þynnast hratt. Þá tekur stofnunin einnig undir það álit Fiskistofu að áhætta á að sjúkdómar geti borist í villta stofna frá stöðinni sé hverfandi. Þá telur Skipulagsstofnun í ljósi umsagnar dýralæknis fisksjúkdóma, að eldið muni ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði eða viðganga villtra fiskistofna sem fyrir eru í nálægu vistkerfi.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Eldisstövarinnar Íspórs ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð eldisstövarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að aukin framleiðsla á laxa- og regnbogasilungsseiðum úr 200 tonnum í 600 tonn á ári í Eldisstöð Íspórs ehf. við Þorlákshöfn sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð rekstrarleyfi Fiskistofu skv. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. reglugerð nr. 214/2014 og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir þetta svæði. Framkvæmdin þarf að vera í samræmi við samþykktu notkun fasteigna en ef svo er ekki, þarf deiliskipulagsmeðferð áður en ný leyfi til framkvæmda eru gefin út.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Eldisstöðin Íspór ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 15. maí 2014.